

# Reglugjörð

25  
29. apríl

## um viðanka við reglugjörð 23. janúar 1918 um sölu og úthlutun kornvöru, sykurs o. fl.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði.

Skylt er heildsölum, kaupmönnum, kaupfelögum, brauðgerðarhúsum, svo og einstökum mönnum að gefa bjargráðanefndum þær upplýsingar um birgðir sínar af kornvörum, sykri, smjörliki og steinolíu, sem nefndirnar æskja.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 29 apríl 1918.

**Sigurður Jónsson.**

Oddur Hermannsson.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Skarphjedsins Símonarsonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af atvinnu- og 29. apríl 1918. 26  
samgöngumálaráðherra Íslands 29. apríl 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Skarphjedsins Símonarsonar“.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 10000 kr. gjöf Símonar Eiríkssonar í Litladal í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu, samkvæmt gjafabréfi, dags. 26. maí 1915, til minningar um son hans, Skarphjedin, er druknaði í Hjeradsvötum 15. nóv. 1914. Af sjóðnum, sem er eign Akrahrepps, eru 8600 kr. þegar afhentar hreppsnefnd Akrahrepps í útistandandi skuldum og jörðin Gil í Öxnadalshreppi, sem metin er til verðs á 1400 kr.